og til frekari birtingar, að jeg að öllu leyti fellst á framangreindar tillögur yðar, eins 107
og jeg að öllu leyti fellst á allar aðgjörðir yðar og fyrirskipanir, þær er skýrt er frá í 3. septbr.
ofannefndu brjefi yðar, viðvíkjandi hinum öðrum landssjóðsjörðum, sem eiga þátt í jarðabótinni á Staðarbyggðarmýrum, sjerstaklega að því leyti sem þjer hafið sampykkt, að í þetta skipti og eptir málavöxtum mætti standa við það, er umboðsmaðurinn hafði leyft hlutaðeigandi leiguliðum að gjöra breytingu þá, er nánar er skýrt frá, á svo nefndum Bjarkargarði og heybandsbrú við jörðina Ytri-Tjarnir.

Brjef landshöfðingja *til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu*, **um toll af** 108
«Drops». — Með brjefi dags. 27. maí þ. á., er hingað hefur borizt beina leið, hefur 3. septbr.
herra V. Claessen á Sauðárkrók borið sig upp undan því, að þjer hafið heimtað af honum toll af 51 pd. af «Drops» (brjóstsykri) er hann fjekk með skipinu «Thyra» 5. apríl þ. á., og hefur hann spurzt fyrir um, hvort það mundi heimilt.

Útaf þessu skal yður hjermeð þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, að með því að orðið «sykur» í 1. gr. 2. í lögum Nr. 10., 9. ág. 1889 eptir almennri merkingu þessa orðs að eins grípur yfir hinar almennu sykurtegundir, hvítasykur, kandíssykur og púðursykur, þá verður ekki án sjerstakrar heimildar tollur lagður á «Drops», sem auk sykurs einnig er gjört af öðrum efnum og paraðauki er ætlað til alls annars en almennar sykurtegundir.

Ágrip 109

af fundargjörðum amtsráðsins í Vesturamtinu dagana frá 16. til 18. júní 1890.

Ár 1890, hinn 16. júnímán. hjelt amtsráð Vesturamtsins fund með sjer í Stykkishólmi, og voru mættir á fundinum: sem forseti ráðsins í fjarveru amtmanns E. Th. Jónassens, sem settur amtmaður, yfirdómari Jón Jensson, amtsráðsmaður, sýslunefndarmaður Hjálmur Pjetursson og í forföllum amtsráðsmanns, sýslumanns S. E. Sverrisons, varaamtsráðsmaður skólastjóri Torfi Bjarnason.

Komu mál þessi fyrir á fundinum:

1. Forseti lagði fram:
   a. Reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins í Vesturamtinu fyrir árið 1889.
   b. Reikning yfir búnaðarskólagjald í Vesturamtinu 1889.
   c. Reikning yfir tekjur og gjöld búnaðarsjóðs Vesturamtsins 1889.
   d. Reikning yfir tekjur og gjöld amtsbókasafnsins í Stykkishólmi fyrir árið 1889. Amtsráðið yfirfór þessa reikninga og þótti ekkert við þá athugavert.
2. Forseti lagði fram eptirfylgjandi sýslusjóðsreikninga:
   a. úr Mýrasýslu 1888 og 1889. Út af eptirstöðvum hjá hreppnum, samkvæmt reikningum þessum, á sýslusjóðsgjaldi, sem við árslok 1889 var 130 kr. 77 a., og sýsluvegagjaldi, sem á sama tíma var 400 kr. 39⅚ e.; fól amtsráðið forseta að ítreka fyrir sýslumanni áminningu ráðsins á fundinum 1888, um að innheima árlega allt sýslusjóðs- og sýsluvega-gjaldið hjá hreppunum, og beita að öðrum kosti þvingunarmeðulum við hreppsnefndina. Svo skyldi og forseti skora á